

1902

MANNKYNIÐ.

SIÖTUGSAFMÆLI
BJÖRNSTJERNE BJÖRNS ÖNS

HREGGVIÐUR UM Þ.E.

HELGI PJETURSSON

Nokkrar smáritgjörðir um

„hugleitt og athugað“.

Eftir

Helga Pjetursson.

I.

Mannkynið.

What a piece of work is a man! o. s. frv.

Hamlet.

Það er ekki unt að gera sjer neina grein fyrir því, hvernig lífandi verur hafi orðið til í fyrstu. Svoltíð meira má segja um, hvernær hafi byrjað líf á jörðunni. Menn hafa giskað á, að ekki mundi vera skemri tími síðan en svo sem 500 miljónir ára. Þessi ágískun er ekki neitt sjerlega áreiðanleg eins og geta má nærri, og er þó heldur líklegra, að tíminn sje leingri en skemmri. Á miklu vissari rökum byggir hinu skarpvitri norski jarðfræðingur A. M. Hansen þá skoðun sína, að elstu merki eftir mannlegar verur, sem fundist hafa í jarðlögum sjeu um 500 þúsund ára gömul; þar getur varla skeikað um 100,000 ár.

Svo miljónum alda skiftir, var þá „kóróna sköpunarevrksins“ í smíðum, og í þúsundum alda verður að telja þá tímaleingd. sem fór til þess, að niðjar þeirra apakynjudu tvífótunga, sem fyrst kom til hugar að laga dálítið í hendl sjer steinninn sem þeir höfðu að vopni og verkfæri, -- yrðu að þeim mönnum, sem geta drepíð óvin sinn í meir en mílu fjarlægð, grafið sundur fjöll og brúað firði, skillið byggingu helmsins, og það

sem ekki er auðveldast: skillið að þeir eru í sett við alt líf á jörðunni þó að þeir sjeu náskyldastir þeim dýrunum, sem eru mönnunum leiðust einmitt af því að þau eru svo óskemtilega lík þeim.

Lánglengstan tíma af æfi síni hefur mannkynið ekki haft annað en steina að verkfærum. Þúsundir ára liðu, þangað til einhverjum afbragðsgáfudum og lagtækum manni datt í hug að binda á skaft steinninn sem hann hafði áður hnefað — það er upphaf hamra og axa — og enn liðu aldirnar svo skiftir hundruðum áður annar snillingur gæti sett auga á hamars- eða axarhausana og rekið þar upp í skafði; steinvopnin urðu seinast svo vel úr gærði gerð að furðu gegnir. En svo lærðist mönnum að vinna málma og lögðust steinvopnin þá smátt og smátt niður.

Það er ekki langur tími af æfi mannkynsins sem sögur ná yfir, eitthvað 7000 ár þar sem lengst er (á Egyptalandi), en á þessum tíma hafa þó orðið meiri breytingar á högum mannkynsins en allar þar þúsundir alda sem á undan fóru, og enn má segja að á öldinni sem leið hafi helmurinn að ýmsu leyti tekið meiri stakkaskiftum en næstu 20 aldirnar þar á undan; mannkynið fatar með vaxandi hraða framfarabrautina og er hjer nú einkum átt við ytri framfarir í allskonar verklegum framkvæmdum.

meiri stakkaskiitum en næstu 20 aldirnar þar á undan; mænnkynið fetar með vaxandi hraða framfarabrautina og er hjer nú einkum átt við ytri framfarir í allskonar verklegum framkvæmdum.

Menn taka undir orð Hamlets um vitsmuni mannsins og óendanlega hæfileika, þegar þeir virða fyrir sjer, þá sem mest hafa borið af öðrum og eins það „hvað vjer höfum komizt ljómandi langt á endanum“ eins og Wagner segir; að nokkru leyti kemur þetta nú í sama stað niður, því að siðmenningin er fyrst og fremst verkágætismaannanna en ekki fjöldans.

En á hinn bóginn sýnir það hve takmarkaðir eru hæfileikar mænnkynsins og ervið kjör þess, að nokkuð skuli vera enn þá ófundið, ósagt og ógert, sem til bóta gæti verið, þegar hugleitt er, hvað ótalmargar meðvitundir hafa speglað heimian. Það hefir verið reiknað út (jeg veit ekki hvernig) að síðan sögur hófust, hafi 7000 miljónir manna týnt lífinu í ófriði, og mætti vera rúm-gott í Valhöll ef allt það fólk ætti að komast þar fyrir; er það meir en 4 sinnum sá fólksfjöldi sem talið er að nú lifi á jörðunni en það er um 1600 miljónir. En hvað það sje mikill fjöldi skýrist ef til vill nokkuð, þegar hugleitt er, að þar af deyja á ári hverju að minsta kosti ekki færri en allir íbúar á Þýskulandi, sem er

fólkefesta land í Evrópu, annað en Rússland, og fæðast þó náttúrlega enn þá fleiri; á hverri mínuðu sem líður, eru margir að deyja og margir að fæðast.

Líklega verður að telja í miljónum miljóna þá sem lifað hafa á jörðunni frá upphafi mænnkynsins.

Það kemur mjög í biga við ýmsar eldri skodanir, að mænnkynið skuli hafa lifað svona afarlanga ævi; af því leiðir að upp-tök tungumála og trúarbragða, lista og vísinda liggja geipilaugt fyrir framan elztu sögur og hef-ir þar, — eins og í öðrum greinum menningarinnar — verið í upphafi næsta mjör mikils vísir.

1. afg. Framfarir 1902. 15. dlu

mið hætti að komast út.

Ysafeld 29. nóv. 1902

Sjötugsafmæli Björnstjerne Björnsons.

8. n. m. verður Björnson sjötugur . . . Ísland verður líklega eina landið á Norðurlöndum, sem ekki sýnir honum neinn sóma.

J. Ó. í Reykjavík. ²²/₁₁

Vér Íslendingar getum ekki glatt oss af »feðranna frægð« án þess að finna um leið sting af því, hve sjálfir erum vér smáir.

Bræður vorir Norðmenn eru hamingjusamari í því efni. Enginn af þeirra forn mönnum hefir varpað meiri ljóma yfir Noreg en hinir mestu menn þeirra á öldinni nýliðnu, og það einmitt þeir, sem nú lifa.

En af þessum mönnum er enginn norskari en Björnstjerne Björnson; þá er sem sé brugðið upp merki Noregs, er nafn hans er nefnt, hefir G. Brandes sagt, og er það vel mælt.

Þar sem Björnson er, sjáum vér lifandi víkinginn og skáldið, sem svo mjög kemur við Íslendinga sögur; gálfurnar og andans þróttur og líkamans minnir á sjálfan Egil Skallagrímsson.

Eg hef einu sinni séð Björnson og heyrt hann tala, og hef eg aldrei betur en þá skilið, hvað þýða orðin »höfðinglegur« og »snjall í máli«. Og hann var eitthvað svo skemtilega Íslendingalegur; en því miður mun þó enginn af oss Íslendingum vera neinn Björnson.

Eins og við er að búast, er Björnson vel kunnur hér, og af eldri sögum hans eru til ágætar þýðingar, sem allir hafa lesið, og get eg þess til, að fleiri en einn unglingur hafi haldið, að »Kátur piltur« væri íslenzk saga, þegar hann las hana fyrst.

Björnson ber hlýjan hug til Íslands, eða hefir að minsta kosti gert það.

Það er ekki líklegt, að Íslendingar vilji bera í því af öðrum Norðurlandþjóðum, að sýna þessum skáldahöfðingja engan sóma á sjötugsafmæli hans; hér eru þó góðskáld, bæði gömul og ung, sem vel er treystandi til að »bera saman orð« honum til heiðurs, og hér eru líka til menn, sem gætu fært í letur drápuna af mikilli snild.

Ef vér létum ekkert til vor heyra, þegar svona ber undir, þá sýndum vér með því auk annars það, að vér höfum gleymt frændseminni við Norðmenn; en þá mætti ætla, að dautt væri úr öllum vorum æðum blóð hinna fornu höfðingja, sem fyrst bygðu þetta land. Einnig vegna sjálfra vor ber oss að hafa einhverja viðleitni á, að sýna þessu skáldi sóma, sem nú er öndvegishöldur Norðmanna.

Helgi Pétursson.

Hreggviður um Þ. E.

Einher »Hreggviður« hefir birt í »Þjóðólfi« 49. tbl. misskilning sinn og litilsvirðingu á afmælskvæði Þorsteins Erlingssonar til Bj. Björnsons; og er sú ljóðafregn ófað öðrum til viðvörunar, þótt það sé nokkuð á annan hátt en höf. mun hafa ætlast til.

Kvæðið er ekki torskilið.

Það er gott upphaf að minna á, hvílfur foringi Björnson er, og mjög vel er það til fundið að nefna hér gullbjálm í staðinn fyrir kórónu, til að tákna frægð og yfirburði, því að það minnir á þann, er beztur var drengur af Noregskonungum og kærstur var Norðmönnum.

Orðin »Vér kendum þér« o. s. frv. skilur Hreggviður þannig, að Þ. E. þykist hafa kent Björnson!

Síðari helmingur vísunnar þýðir ekkert annað en það, að Íslendingar muni lengi minnugir á Björnson, eins og þeir hafa geymt hin fornu rit, sem eru að nokkru leyti grundvöllur undir skáldskap hans.

*Þú komst hér svo friður og kvaddir
svo snjalt,*

Vér kendum þig, sönginn og stálið.

*Oss fanst sem vér værum í tætt við
það allt*

og eldgamla, norræna málið, o. s. frv.

Það er sanufæring mín, að sá sem finnur ekki, að þetta er snjalt kveðið, hafi ekki vit á skáldskap heldur en — Hreggviður.

»Ef eg skil rétt« segir Hreggviður, »þá finst mér í þessum línum liggja sú meining, að höf. telji oss það sóma, að vér, o: fornbókmentir vorar, séum í ætt við bókmentir Björnsons«.

Þennan stað mundi líklega mega nefna »perluna« í ritdómi þessum; búningurinn er hér fullkomlega samboðinn efninu, hvorttveggja jafn-fráleitt.

Það væri rangt að benda ekki á, að einmitt þarna rofar þó snöggvast eins og dálítið til í villumyrkrinu; eg á við orðin »ef eg skil rétt«; minna þau á hinn óviðjafnanlega Andra kveisukinn (í Twelfth Night eftir Shakespeare), þegar hann fær veður af því, að hann muni nú ef til vill ekki vera alveg eins fyndinn og honum er gjarnast að ætla.

Það væri óskandi, að þessi — sannarlega ekki ástæðulausa — efasemd magnaðist svo mjög, að þetta yrði síðasta kvæðið, sem þessi Hreggviður dæmir um á prenti.

Margnefndur ritdómari hneykslast mjög á orðunum »g l a m p a n d i hljómar« í 3. er.; en sumum þykir það einmitt l j ó m a n d i vel sagt.

Seinustu vísuna misskilur Hreggviður hreint ekkert gífurlegar en lesandinn býst við af því, sem á undan er komið. Hugsunin er í stuttu máli þessi: Vegna þess, hvernig heimurinn er, munu hinir beztu menn — og áherzlan er eðlilega lögð á það, að Björnson er þar einna fremstur í flokki — heyja baráttu móti »forna heims guðunum öllum«, sem ekki lýkur fyr en kominn er nýr himinn og ný jörð.

Áð endingu verð eg að minnst á, hvað það er ógeðslegt að sjá á prenti öfundarorð yfir »landssjóðslaunum» Þorsteins Erlingasonar; þessum líka miklu launum! Þau eru á við ein mánaðarlaun ýmissa lögfræðinganna. Það væri óskemtilegur vottur um andlega vesalmensku, ef það væri algengt, að menn sæju ofsjónum yfir þessum litla styrk til þess manns, sem flestum betur kann að láta hljóma íslenzkuna þeim til yndis og ánægju, sem elska vort göfuga mál.

En mér dettur ekki í hug að svo sé; mér er nær að haldá, að væri leit að atkvæða út um landið, þá mundi fást yfirgnæfandi atkvæðafjöldi fyrir því, að höfundur þessa héldi þeirri viðurkenningu, sem alþingi hefir veitt honum, — og þó meira væri.

Helgi Pétursson.
